

**Mál nr. 150/2018****M og  
V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X****Orsakatengsl vegna líkamstjóns 10.1.2017.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttakið 16.5.2018, ásamt fylgiskjölum og bréfi dags. 5.6.2018.  
Bréf V, dags. 2.1. (á væntanlega að vera júní) 2018.

**Málsatvik.**

M kveðst hafa orðið fyrir líkamstjóni í árekstri við bifreiðina X sem ekið var á bifreið hennar sem var kyrrstæð. M kveðst hafa setið þannig í öikumannssæti bifreiðar sinnar að högg hafi komið á líkama hennar þegar hún hafi verið að teygja sig til hliðar. Gögn málsins sýna að M leitaði til læknis á heilsugæslu 31. janúar 2017 og lýsti þar atvikum með ofangreindum hætti og einkennum sínum. Einnig leitaði hún til sjúkraþjálfara daginn eftir atvikið, en hún hafði leitað til sama sjúkraþjálfara eftir afleiðingar annars slyss sem varð 12. apríl 2015. Í bréfi sama sjúkraþjálfara dags. 6. maí 2018 kemur fram það álit hans að það skipti máli hverjig líkamsstaða M hafi verið þegar árekstur varð og að M hafi fengið ný einkenni. Í læknisvottorði heilsugæslulæknis er tognunar- og taugaeinkennum lýst.

M telur að hún hafi hlotið líkamstjón í árekstrinum og sé bæði um að ræða ný einkenni m.v. þau sem hún hafi átt við að stríða vegna fyrra slyss sem og að hún hafi verið veikari fyrir vegna afleiðinga þess slyss. M telur að útreikningur á ökuhraða hafi ekki úrlitaáhrif á mat á orsakatengslum og vísar til vottorða sjúkraþjálfara og heilsugæslulæknis. V telur að M hafi ekki getað hlotið líkamstjón við áreksturinn í ljósi þess að útreikningur ökuhraða skv. svokallaðri PC-crash skýrslu dags. 22. maí 2017 bendi til þess að bifreiðarnar hafi rétt stökist við hvor aðra og líkamstjón hafi ekki getað hlotist af því. V vísar einnig til mynda af bifreiðunum varðandi ákomur. Einnig vísar V til þess að einkenni þau sem M lýsi séu sambærileg við einkenni sem hún hafi verið metin til varanlegs miska og örorku vegna í tengslum við slys 12. apríl 2015 og sé því ósannað að hún hafi hlotið annað líkamstjón í því atviki sem hér er fjallað um.

**Álit.**

Áreksturinn sem um ræðir var ekki harður m.v. gögn málsins og lýsingar ökumanna. M leitaði til meðferðaraðila vegna einkenna daginn eftir og til læknis um 20 dögum síðar. Af lýsingum í vottorðum þeirra tveggja meðferðaraðila til samanburðar við gögn vegna fyrra slyss verður ekki með skýrum og afgerandi hætti slegið föstu að M hafi hlotið líkamstjón sérstaklega vegna atviksins 10. janúar 2017 án þess að sérstakt mat fari fram á því. Slíkt mat liggur ekki fyrir og ekki liggur fyrir að meðferðaraðilar hafi lagt mat á einkenni M m.t.t. aðgreiningar frá afleiðingum fyrra slyss með þeim hætti. Meginreglur um sönnun í skaðabóta- og vátryggingarétti gera ráð fyrir því að að tjónþoli verði að sýna fram á tjón sitt og leggja fram fullnægjandi gögn því til sönnunar. Verður M að bera hallann af þeim sönnunarskorti sem að ofan er lýst og á því ekki rétt á bótum m.v. fyrirbyggjandi gögn.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X.

Reykjavík, 12. júlí 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögmaður

Lúðvík Bergvinsson lögmaður